



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduósbæjar - 24. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 5. september 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Bjarni Þór Einarsson byggingafulltrúi

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason.

Dagskrá:

1. Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. - 1510002

Erindi frá Blönduósbæ, tillaga að breytingu á aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010 til 2030. Breytingin felst í að skilgreina skotæfingasvæði á núverandi stað. Tillagan er gerð hjá Landmótun ehf. af Yngva Þór Loftssyni og samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð dags. 1. sept. 2016.

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd samþykkir að kynna skipulagsbreytinguna með leiðréttingum sem fram komu á fundinum á almennum fundi í samræmi við 2. mg. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan var borin upp og samþykkt með 3 atkvæðum. Jakob Jónsson situr hjá.

2. Skotæfingasvæði á Blönduósi - Deiliskipulag - 1609001

Erindi frá Blönduósbæ, tillaga að deiliskipulagi fyrir skotæfingasvæði á núverandi stað. Tillagan er gerð hjá Landmótun ehf. af Yngva Þór Loftssyni og samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð dags. 5. september 2016

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd samþykkir að kynna deiliskipulagið á almennum fundi í samræmi við 4. mg. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin á aðalskipulagi og deiliskipulagið verði kynnt á sama fundi. Tillagan borin upp og samþykkt með 3 atkvæðum. Jakob Jónsson situr hjá við afgreiðslu málsins.

3. Brautarhvammur og gönguleið í Hrótey - Breyting á deiliskipulagi. - 1603014

Brautarhvammur, deiliskipulag. Ný tillaga sem samanstendur af skipulagsuppdrætti og greinargerð sem gerð er hjá Landmótun af Yngva Þór Loftssyni dags. 17. ágúst 2016 lögð fram til umsagnar.

Skipulags- umhverfis og umferðarnefnd samþykkir með framkomnum leiðréttingum á fundinum að kynna deiliskipulagið á almennum fundi í samræmi við 4. mg. 40. gr.



skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

4. Húnabraut 33 - Umsókn um byggingarleyfi og breytta notkun. - 1603015

Erindi frá Ámundakinn, umsókn um byggingarleyfi til breytinga og breyttrar notkunar á húsnæði félagsins að Húnabraut 33. Um er að ræða breytingar á nýtingu hússins, sem áður hýsti mjólkurstöð, en nú er fyrirhugað að flytja þangað starfsemi fyrirtækjanna Vilko og Prima. Núverandi vinnslusalur á 1. hæð hússins verður endurinnréttaður og settir upp nýjir milliveggir og brunaskil lagfærð. Núverandi ketilhúsi verður einnig breytt, bætt við aksturdyrum og gönguhurð á gafl, ketill fjarlægður og byggingin nýtt sem aðstaða fyrir Mjólkursamsöluna vegna smásöludreifingar á mjólkurvörum. Aðrir húshlutar, svo sem núverandi starfsmannaaðstaða, verða að mestu leyti óbreyttir.

Umsókninni fylgir aðaluppdráttur gerður hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Magnúsi Ingvarssyni byggingarfræðingi, teikningar nr. A-100 til A-105 í verki nr. 775504, dags. 2. sept. 2016.

Nefndin samþykkir byggingaráformin. Valgarður Hilmarsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Jakob Jónsson

Erla Ísafold Sigurðardóttir

Ágúst Þór Bragason

Bjarni Þór Einarsson
